



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarasdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Tillaga um hækkun gistináttgjalds hjá öðrum sveitarfélögum vegna gistingar í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar*

Lagt er til að velferðarsviði verði heimilað að hækka gistináttgjald hjá sveitarfélögum fyrir gistingu í neyðargistiskýlum Reykjavíkurborgar í kr. 34.000 fyrir hverja gistinótt, þegar einstaklingur á lögheimili utan Reykjavíkur þannig að gjaldið samsvari raunkostnaði. Gjaldið verði innheimt ársfjórðungslega og fjárhæð taki breytingu miðað við vísitölu neysluverðs.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg rekur þrjú neyðargistiskýli fyrir heimilislausa einstaklinga, gistiskýlin að Lindargötu og Grandagarði, sem ætluð eru heimilislausum karlmönnum og Konukot, sem rekið er í samstarfi við Rótina og er ætlað heimilislausum konum. Dvöl í neyðargistiskýlum er tímabundin á meðan unnið er að lausn á húsnæðisvanda gesta í viðkomandi sveitarfélagi.

Einstaklingar með lögheimili utan Reykjavíkur fá aðgang að gistiskýlunum og Konukoti á meðan húsrúm leyfir, þó þannig að gætt er að öryggi gesta og starfsmanna hverju sinni. Reykjavíkurborg stendur straum af kostnaði vegna þjónustunnar og er hún einstaklingnum að kostnaðarlausu.

Gistiskýlið, sem nú er á Lindargötu, hefur verið rekið á vegum Reykjavíkurborgar frá árinu 1969. Samhjálp rak gistiskýlið á grunni þjónustusamnings við velferðarsvið Reykjavíkurborgar til ársins 2015 en í dag er gistiskýlið rekið af Reykjavíkurborg. Rými er fyrir 25 karla. Árið 2019 opnaði gistiskýli að Grandavegi og er ætlað 15 heimilislausum ungum körlum. Gistiskýlin eru næturskjól til einnar nætur í senn og eru opin alla daga frá kl. 17.00 til kl. 10:00 daginn eftir en möguleiki er fyrir einstaklinga sem eru mjög slæmir til heilsu að dvelja yfir daginn. Í boði er kvöldhressing og morgunmat fyrir dvalargesti. Gisting og máltíðir eru ókeypis.

Konukot er næturathvarf fyrir heimilislausar konur og hefur úrræðið verið rekið frá árinu 2004. Rótin rekur Konukot á grunni samnings og kröfulýsingar við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Konukot er næturskjól til einnar nætur í senn og er rými fyrir allt að 12 konur en auk þess eru fjögur neyðarrými. Konukot er opið frá kl. 17.00 til kl. 10:00 daginn eftir. Boðið er upp á léttan kvöldverð og morgunverð. Dvalargestir geta þvegið af sér og farið í bað, auk þess sem konurnar geta fengið fatnað, allt að kostnaðarlausu.

Einstaklingar sem nýta gistiskýlin og Konukot njóta þjónustu Vettvangs- og ráðgjafarteymis Vesturmiðstöðvar (VoR-teymið). Í þeim tilvikum sem einstaklingar eru með lögheimili utan Reykjavíkur hefur VoR-teymið og/eða starfsmenn neyðarskýlanna samband við viðkomandi sveitarfélag og upplýsa um dvöl einstaklinga. Áhersla er lögð á að viðkomandi einstaklingur fái þjónustu og ráðgjöf frá lögheimilis sveitarfélagi og að unnið sé markvisst að húsnæðisvanda þeirra.



Þann 21. Nóvember 2018 samþykkti velferðarráð að innheimt yrði gistináttagjald fyrir íbúa annarra sveitarfélaga í neyðarskýlum borgarinnar. Frá árinu 2018 hefur Reykjavíkurborg gert 17 samninga við önnur sveitarfélög um heimild til innheimtu slíks gjalds. Gistináttagjaldið í nóvember 2022 er 21.246 kr. Alls hefur verið rukkað fyrir 1.559 gistinætur fyrir tímabilið janúar til nóvember 2022, alls 32,6 m.kr.

Þegar gistináttagjaldið var lagt á í upphafi var það ekki á forsendum raunkostnaðar. Önnur sveitarfélög hafa þrátt fyrir hvatningu ekki sett upp sambærileg úrræði í sínum umdæmum og því situr Reykjavíkurborg ein uppi með kostnað við að þjónusta þennan jaðarsetta hóp. Nú er svo komið að ekki verður lengur setið við að Reykjavíkurborg niðurgreiði kostnað vegna gistingar.

Lagt er til að hækka gjaldið fyrir hverja nótt í 34.000 kr. sem endurspeglar raunkostnað við rekstur neyðarskýlanna.